

Gjöf Halldórs Andréssonar, Tjarnarkoti (Innri-Njarðvík)
skv. gjafabréfi dags. 17. september 1854 (staðfest skipulagsskrá nr. 35).

Af gjafabréfinu má ráða að Halldór hafi gefið Prestaskólanum bæði lausafé og fasteign, en ekki er fram tekið hver fasteignin sé, en ætla má að það kunni að vera jörðin Tjarnarkot, eða hluti hennar. En í gjafabréfinu segir m. a.: „- - en það, sem ég læt eftir mig í fasteign má ekki selja“.

Leitað hefir verið upplýsinga hjá bæjarfógetanum í Keflavík (Guðfinna) og í Hafnarfirði (Erna Kristinsdóttir) um eigandaskipti og núverandi eigendur jarðarinnar.

Helstu upplýsingar eru þessar:

1902 24. september er H. P. Duus talinn eigandi 1/2 jarðarinnar

1903 13. júní selur Kristján Þorgrímsson Sigurði Þórðarsyni frá Höskuldarkoti.

1904 á opinberu uppboði eignast H. P. Duus helming jarðarinnar og 2/3 hluta húsa á jörðinni.

1922 30. nóvember selur ekkja H. P. Duus alla jörðina Þórði Finnboga Guðmundssyni í Tjarnarkoti.

Núverandi eigandi er talinn vera Guðmundur Finnbogason, Tjarnargötu 6, Njarðvíkurhreppi.

Erna Kristinsdóttir, hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, telur gang málanna þennan, eftir upplýsingum kunnugs eldri manns á þessum slóðum:

Prestaskólinn selur Bjarna Bjarnasyni 1/2 Tjarnarkot. Bjarni selur síðar Ásbirni (afa Ásbjarnar Ólafssonar stórkaupmanns) og hann selur aftur Þórði Finnboga Guðmundssyni.

Ólafur Magnússon